

Aðgerðaáætlun 2021 – 2023

Áætlun þessi er forgangsröðun þeirra aðgerða sem brýnast er að unnið sé að í Friðlandi Svarfdæla á næstu þremur árum. Aðgerðirnar styðja við leiðarljós stjórnunar- og verndaráætlunar um framtíðarsýn friðlandsins. Neðangreindar aðgerðir eru annars vegar reglubundnar árlegar aðgerðir og hins vegar aðgerðir næstu þrjú árin, m.a. í samræmi við verkefnaáætlun Landsáætlunar um uppbyggingu innviða (Landsáætlun). Áætlunin er uppfærð árlega í samræmi við úthlutun úr Landsáætlun. Umhverfisstofnun er ábyrgðaraðili aðgerða nema annað sé tekið fram.

Árlega

- ✓ Upplýsingum varðandi óhöpp og slys sé safnað saman og skráð í gagnagrunn Umhverfisstofnunar.
- ✓ Ágengum plöntutegundum haldið í skefjum.
- ✓ Ref, mink og afræningjum haldið í skefjum (sveitarfélag ábyrgðaraðili).
- ✓ Reglubundið viðhald á stígum, merkingum og mannvirkjum (sveitarfélag ábyrgðaraðili).

2021

- ✓ Umsjónarnefnd friðlandsins láti vinna áætlun um endurheimt votlendis innan friðlandsins í samstarfi við fagaðila.
- ✓ Umhverfisstofnun leiti eftir samstarfi við landeigendur um að hefða útbreiðslu ágengra plöntutegunda.
- ✓ Umhverfisstofnun sendi erindi til landeigenda í friðlandinu með tilmælum þess efnis að vatn verði ekki látið flæða á engjar eftir að varptími hefst og eigi síðar en 1. maí.
- ✓ Setja skal upp merkingar við gönguleiðir og bílastæði um bann við notkun ómannaðra loftfara yfir friðlandinu frá 1. maí til 15. júlí.
- ✓ Sótt verði um fjármagn í Landsáætlun vegna byggingar göngubrú yfir Svarfaðardalsá á Böggvisstaðasandi við hitaveitustokk.
- ✓ Sótt verði um fjármagn í Landsáætlun til lagningar malarborinnar og stikaðrar gönguleiðar um Böggvisstaðasand sem tengt getur saman Böggvisstaðasand og Hríshöfða.

2022

- ✓ Umhverfisstofnun staðfæri *Öryggisáætlun friðlýstra svæða Umhverfisstofnunar* fyrir Friðland Svarfdæla.
- ✓ Meta þörf fyrir talningu gesta í friðlandinu og hvar talning skuli fara fram.
- ✓ Sett verði upp upplýsingaskilti með gönguleiðakorti um friðlandið á útskoti við Hrísatjörn.
- ✓ Sett verði upp upplýsingaskilti með gönguleiðakorti til uppsetningar við útskot ofan Saurbæjartjarnar.
- ✓ Sett verði upp fræðsluskilti við Saurbæjartjörn með fræðslu um fugla og þjóðsöguna um Ingólf Bjarmalandsfara.
- ✓ Sett verði upp fræðsluskilti við Olís á Dalvík með fræðslu um fuglalíf í sjónmáli.

- ✓ Sett verði upp aðkomuskilti við friðlandsmörk við Hrísatjörn.
- ✓ Lokun jarðvegstipps (sveitarfélag ábyrgðaraðili).

2023

- ✓ Hefja skal endurskoðun auglýsingar um Friðland Svarfdæla með það að markmiði að skýra reglur um framkvæmdir og mörk friðlandsins.
- ✓ Lokun og frágangur malarnámu (sveitarfélag ábyrgðaraðili).